



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

28. júní 2012  
26. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð  
til leigu?

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



Bátur mánaðarins  
aðeins

419 kr.



Opið  
virka daga: 10 til 22  
helgar: 11 til 22



## Í lífsins skóla

„Mér hefur alls staðar líðið vel, þar sem ég hef verið,“ segir hin brosmilda Fjóla Ólafsdóttir. Hún fagnaði nýlega níutíu ára afmæli sínu í faðmi vina og vandamanna í Bolungarvík, en sjálf er hún búsett í Þorlákshöfn. Fjóla segir frá einkaparadís sinni í Ísafjarðardjúpi, hestaheilsunni sem hún hefur búið við alla ævi og fleiru á miðopnu í dag.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI  
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) | sími 525 7890 |







Séð yfir Dýrafjörð.

## Flyting Dýrafjarðarganga samþykkt

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur samþykkt viðbótar- og breytingartillögur samgönguáætlunar, þar sem 53 milljarðar króna eru áætlaðir í samgöngubætur næsta áratuginn. Að sögn Ólínu Þorvarðardóttur þingmanns Samfylkingarinnar í Norð-

vesturkjördæmi eru helstu breytingarnar þær að gerð Dýrafjarðarganga verður flýtt. „Dýrafjarðargöngum hefur verið flýtt frá árinu 2018 til ársins 2015 og gert er ráð fyrir að þeim ljúki 2018 sem eru gríðarlega stór tíðindi fyrir samgöngumálin í landinu,

því að þessi göng voru dottin út úr samgönguáætlun, sem og Norðfjarðargöng sem hefjast strax,“ sagði Ólína í samtali við RÚV.

„Forsenda þessarar flytingar er sú fjárfestingaráætlun sem ríkisstjórnin hefur kynnt og það viðbótáfrágn sem gert er ráð fyrir

að ríkissjóður fái annars vegar með veiðigjaldinu, og hins vegar vegna sölu á eignum bankanna,“ sagði Ólína, sem telur að lækkun veiðigjaldsins hafi áhrif á fjárfestingaráætlunina í heild sinni en hafi þó ekki áhrif á samgönguáætlunina. – *gudmundur@bb.is*

## Fánasmiðjan lokuð um tíma

„Húsið hefur verið innsiglið að síðan eldurinn var slökktur og lögreglan er að hefja rannsókn,“ segir Ásdís Birna Pálsdóttir skrifstofu- og fjármálastjóri Rafskauts ehf., sem á Norðurtangahúsið á Ísafirði, en eldur kom upp í húsinu aðfararnótt sunnudags. Að sögn Ásdísar Birnu mun starfsemi Fánasmiðjunnar, sem staðsett er í húsinu, liggja niðri um óákveðinn tíma, eða meðan rannsókn fer fram. Mikil mildi þykir að aðalprentvél Fánasmiðjunnar hafi ekki orðið eldinum að bráð eða orðið fyrir reykskemmdum.

„Silkiprentvélin slapp allveg, enda kom ekki upp reykur á því svæði sem hún er í. Við erum bjartsýn á að koma henni aftur í gang fljótlega,“ segir Ásdís. Eldurinn kom upp á annari hæð hússins en þar er Fánasmiðjan til húsa. Ekki er vitað til að Listakaupstaður, sem er með aðstöðu á efstu hæð hússins, hafi orðið fyrir skemmdum. Rannsókn málsins fer fram næstu daga og að henni lokinn verða skemmdir hússins metnar.

– *gudmundur@bb.is*

## Eldur í Fánasmiðjunni í Norðurtangahúsinu

Eldur kom upp í Norðurtangahúsinu á gatnamótum Tangagötu og Fjarðarstrætis á Ísafirði aðfararnótt laugardags. Að sögn Jóhanns Egilssonar varðstjóra í Slökkviliði Ísafjarðarbæjar gekk greiðlega að slökkva eldinn, þótt aðstæður á vettvangi hafi verið erfiðar. „Þegar við komum á staðinn sjáum við bara reyk koma út um gluggana. Við sendum fjóra reykkafara inn í húsið með stuttu millibili en það gekk erfiðlega að finna upptök eldsins þar sem

reykurinn var mjög mikill,“ sagði Jóhann.

Þegar upptök eldsins fundust kom í ljós að auðvelt var að slökkva hann, enda hafði lítið súrefni komist í hann og hann ekki náð að dreifa sér. „Nú förum við að reykraesta og hreinsa húsnæðið,“ segir Jóhann, sem veit ekki hversu mikið tjón húsið hefur orðið fyrir. „Lögreglan fór beint í að rannsaka upptök eldsins en það er ljóst að tjónið er talsvert. Allt tiltækt slökkvilið

var kallað til, en að sögn Jóhann voru níu slökkviliðsmenn á vettvangi og tveir sjúkraflutningamenn. Ekkert fólk var í húsinu, en lögregla hafði náð að hlaupa upp og niður stigaganga hússins og gekk úr skugga um að húsið væri mannlaut áður en slökkvistörf hófust.

Í húsinu var til húsa Fánasmiðjan og Listakaupstaður. Í Listakaupstað er aðstaða fyrir listafólk, málara, rithöfunda, leikara og tónlistarfólk.



Frá slökkvistörfum á aðfararnótt sunnudags. Eins og sjá má var reykurinn talsverður og gerði hann slökkviliðsmönnum erfitt fyrir. Ljósmynd: Guðmundur Björn Þorbjörnsson.

## Auglýsing um kjörfund

### Tilkynning frá kjörstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar

Forsetakosningar árið 2012.

Kjörfundur þann 30. júní 2012 verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur að Aðalstræti 12. Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 22:00 síðdegis.

Bolungarvík 20. júní 2012.

**Kjörstjórnin í Bolungarvík**

Sólrún Geirsdóttir,

Dóra María Elíasdóttir,

Pálína Jóhannsdóttir.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi

### Sigurður Jónsson

fyrirverandi prentsmiðjustjóri Hlíf II, Ísafirði

lést á Heilbrigðisstofnuninni, Ísafjarðarbæ 23. júní. Utíðin verður auglýst síðar.

Árni Sigurðsson Guðrún Halldórsdóttir  
Jón Ólafur Sigurðsson Jóhanna Oddsdóttir  
Málfriður Þ. Sigurðardóttir  
Þórhildur S. Sigurðardóttir Guðmundur Hafsteinsson  
barnabörn, langafa- og langalangafabörn.



Samkaup

úrval

góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar 28. júní - 1. júlí

samkaupurval.is



**30%** afsláttur

verð áður 1.798 kr

**1.349** kr/kg

**Grill svínakótelettur**  
frá Kjötseli



**Góð kaup!**

verð áður 1.398 kr

**1.090** kr/kg

**1/2 lambaskrokkur**  
grillsagaður

Kryddpækill úr appelsínu, límónu, kummini, oreganói, hvítlauk, steinselju, tímíani, eplaediki og sojasósu  
...sjá uppskrift á samkaupurval.is



verð áður 1.298 kr

**Grill svínabógsneiðar** **974** kr/kg

frá Kjötseli



**25%** afsláttur

verð áður 3.998 kr

**2.999** kr/kg

**Nautafilé með fitu**  
úr kjötborði eða pökkuð fersk



**Góð kaup!**

**399** kr/pk

**Spergilkálsblanda 750g**  
frosin, frá Coop



verð áður 1.098 kr

**BBQ kjúklingaleggir** **769** kr/kg

frá Ísfugli



**Ódýrt**

verð áður 259 kr

**199** kr/stk

**X-tra Hindberja rúlluterta**  
300g



Griskar steiktar kartöflur með 24 hvítlauksgeirum, dilli og sítrónu.  
...sjá uppskrift



verð áður 198 kr

**Bökunarkartöflur** **99** kr/kg

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á samkaupurval.is

P&O Birt með fyrirvara um prentvillur.





## ÍSAFJARÐARBÆR

### AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG, KJÓS, LEIRUFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur þann 21. júní 2012, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkt deiliskipulag í landi Kjósar við Leirufjörð og Hrafnfjörð, Ísafjarðarbæ.

Jörðin Kjós er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Við Tanga, austan megin í Leirufirði er gert ráð fyrir heimild til að byggja áhaldageymslu, allt að 100m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, frá og með 28. júní 2012 til og með 9. ágúst 2012. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði eigi síðar en 9. ágúst 2012. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest, teljast samþykkir henni.

*Ísafirði, 22. júní 2012,  
Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri  
framkvæmda- og eignasviðs.*



Hafrannsóknastofnunin

## Sérfræðingur

Hafrannsóknastofnunin auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings við útibúid á Ísafirði.

Starfið felst í vinnu við þróunarverkefni sem lýtur að nýrri tækni við veiðar á botndýrum. Um er að ræða tímabundna tveggja ára ráðningu í krefjandi og spennandi verkefni. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi próf í verkfræði/tæknifræði. Reynsla eða sambærileg menntun kemur einnig til greina.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir sendist Hafrannsóknastofnuninni fyrir 13. júlí n.k.

Nánari upplýsingar veita Hjalti Karlsson á netfanginu (hjalti@hafro.is), útibúinu á Ísafirði í síma 575 2300 og Vignir Thoroddsen í síma 575 2000.

# Samningur um stúku- byggingu undirritaður

Fulltrúar frá eignarhaldsfélaginu ST2012, Héraðssambandi Vestfirðinga og Ísafjarðarbæ skrifuðu á föstudag undir samning um eignarhald á fyrirhugaðri stúkubyggingu við Torfnsvöll á Ísafirði. Eignarhaldsfélagið ST2012 var stofnað í maí síðastliðnum, en félagið heldur utan um og ábyrgist byggingu á 540 sæta stúku við Torfnsvöll. Undir samninginn skrifuðu Jóhann Torfason stjórnarformaður ST 2012, Jón Páll Hreinsson formaður Héraðssambands Vestfirðinga, og Daniel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Fáist byggingarleyfi frá Ísafjarðarbæ geta framkvæmdir við stúkuna hafist, en ljóst er að ekki næst að klára hana fyrir 15. júlí eins og upphaflega var ætlað.

Í samningnum er gert ráð fyrir því að Ísafjarðarbær eignist mannvirkið þegar byggingu fyrsta áfanga er lokið. Í fyrsta áfanga er uppstept 540 sæta áhorfendastúka sem er 55,4 m löng og 11,4 m breið. Áhorfendastúkan verður fullkláruð að utan en innra rými fokhelt. Þar mun Skotþróttafélag Ísafjarðarbæjar hafa aðstöðu og byggja upp æfinga- og félagsaðstöðu, en gert er ráð fyrir því í teikningum að félagið sé með aðstöðu húsnæðinu. Í fyrsta áfanga er einnig gert ráð fyrir því að lóð svæðisins verði fullfrágengin í sama ástandi og fyrir framkvæmdir. Gengið verður þannig frá mannvirkinu að það geti staðið án þess að síðari áfangar séu kláraðir.

Knattspyrnusamband Íslands

gaf BÍ/Bolungarvík í vetur frest til 15. júlí til að byggja stúku á Ísafirði, svo félagið stæðist alþjóðlegar kröfur um aðstöðu fyrir áhorfendur. Yrði stúkan ekki byggð fyrir þann tíma yrði liðið að leika heimaleiki sína annars staðar. Geti félagið þó sýnt fram á að stúkubyggingin sé í ákveðnu ferli, er KSÍ tilbúið til að veita undanþágu. Það mun vera raunin í tilfelli BÍ/Bolungarvíkur og ST2012. Að sögn Jóhanns Torfasonar, stjórnarformanns ST2012, er áætlað að stúkan rísi áður en tímabilinu líkur í september. Grafið var fyrir stúkunnari síðasta mánuði, en engar framkvæmdir hafa átt sér stað í nokkurn tíma þar sem byggingarleyfi hefur ekki enn fengist.

– gudmundur@bb.is



Agnes. M. Sigurðardóttir í biskupsvígslunni. Mynd: Gunnar Vigfússon.

# Agnes vígð til biskups

„Við erum ekki eyland. Við sem nú þjónum kirkjunni byggjum á því sem var og mótum það sem verður, og verkefni okkar er því sístætt. Sem kirkja höfum við þurft að horfast í augu við mörg lærdómsrík mál og búa þannig um hnúta að við getum horft björtum augum til framtíðar,“ sagði sr. Agnes M. Sigurðardóttir nývígður biskup Íslands í biskupsvígslu sinni. Agnes, sem áður var sóknarprestur í Bolungarvík og prófastur Vestfjarðaprófastsdæmis, vígðist á sunnudag til embættis biskups Íslands við háttíðlega athöfn í Hallgrímskirkju. Hún er fyrst kvenna til að gegna embættinu, en hún tekur við af Karli Sigurbjörnssyni sem hefur þjónað sem biskup síðan árið 1997.

Í prédikun sinni sagði Agnes að kirkjan þyrfti að setja það markmið að fjölga meðlimum sínum og finna leiðir til þess. „Við þurfum að vera eins og hirðirinn sem leitar eða konan sem leitar. Þau leituðu þar til þau fundu og þannig eiga vinnubrögð okkar að vera. Við viljum ná til þeirra sem eru ekki í félaginu. Við eigum að gera það með gleði og áhuga, ekki bara til að hækka töluna heldur vegna þess góða erindis sem við höfum fram að færa,“ sagði Agnes, og bætti því að kirkjan gegndi mikilvægri þjónustu við fólk í landinu.

Í ávarpi sínu til Agnesar sagði Karl Sigurbjörnsson, fráfaramaður biskups, að Agnes þyrfti að hafa breitt bak til þess að gegna embættinu of minnti hana á skyldur

þess. „Þú hefur talað von og kjark í fólk þitt á erfiðum stundum. Þú hefur líka þurft að áminna og leiðbeina þegar þörf hefur krafið. Við eigum dýrmæta arfleifð í orði Guðs, í sakramentunum, í sálmum og bænum, list og ljóði sem ber fram fjársjóði trúar og vonar og kærleika. Okkur er falið að varðveita þennan arf og ávaxta hann til gleði, gagns og blessunar samtíð og framtíð,“ sagði Karl og minnti Agnes á sviðsljósið sem fylgir embættinu. „Orð og verk biskups fá oft mikla athygli. Biskup fær á tíðum hrós og þakkar, en líka deyðandi gagnrýni einkum ef hann vogar sér að andæva ráðandi öflum eða áhrifastraumum.“

Fjöldmenni var í Hallgrímskirkju. – gudmundur@bb.is



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR Á GRILLIÐ

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR



**1495**  
KR. KG



KAUPFÉLAG SKAGFIÐINGA  
**FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**



**3598**  
KR. KG



**KS FROSID LAMBAFILLET/HRYGGVÖÐVI**

**ÍSLENSKUR LAX  
Á GRILLIÐ**



ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR Á GRILLIÐ



**1898**  
KR. KG

NORDANFISKUR ÍSLENSKUR LAX  
FROSINN BEINHR. M.ROÐI



**1349**  
KR. KG

**FROSID LAMBALÆRI**

FRÁBAERAR UPPSKRIFTIR Á MARGSKONAR MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI:  
Á HEIMASÍÐU BONUS: WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR



**298**  
KR. 75 GR

**BONUS KLETTASALAT**



**100%  
NAUTAKJÖT**

**398**  
KR. 2 STK.

**FERSKIR 2 X 140 GR.  
UNGNAUTA-HAMBORGARAR**



**139**  
KR. 5 STK.

**BONUS PYLSUBRAUÐ**



**639**  
KR. 560 G

**SS VÍNARPYLSUR 10 STK.**



**BONUS  
FERSKT SPÍNAT 200 GR**

**398**  
KR. 200 G

**FERSKT BONUS SPÍNAT**



**139**  
KR. 2 STK.

**BONUS HEILKORNA  
HAMBORGARABRAUÐ**



**NÝ UPPSKERA  
FRÁ FRAKKLANDI  
KARTÖFLUR  
259 KR.KG**



**495**  
KR. 750 G

**AVOCADO Í LAUSU 750 HUNTS TÓMATSÓSA**



**198**  
KR. 680 G

**EUROSHOPPER 500 ML.  
ORKUDRYKKUR**



**95**  
KR. 500 ML



**79**  
KR. DÖSIN



**GÓU-DRENNAN  
598 KR. 3 X 200 GR.  
KASSAR**

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur



# Murrvörur á Kanadamarkað

„Murr er fyrsta íslenska fyrirtækið sem flytur út vörur til Kanada, eins furðulega og það kann að hljóma,“ segir dr. Þorleifur Ágústsson dýralfeðlisfræðingur og framkvæmdastjóri Murr ehf., en fyrirtækið hefur nú útflutning á katta- og hundamat til Kanada og Bandaríkjanna. Útflutningurinn til beggja landa hefur þó ekki gengið snurðulaust fyrir sig þar sem fyrirtæki í matvælaíðnaði þurfa að standast strangar kröfur

áður en þær hefja innflutning á Bandaríkja- og Kanadamarkað. Murr hefur þegar selt vörur sínar til fyrirtækja og gæludýraverslana í þrettán fylkjum í Bandaríkjunum og samdi nýverið við stórt fyrirtæki í Kanada.

„Það kom upp stórt vandamál í Bandaríkjunum á dögum þar salmonellusýking greindist í vörum frá Diamond Pet, sem er stórt fyrirtæki á þessu sviði. Það varð til þess að bandaríska matvæla-

eftirlitið herti gæðaeftirlit og vörur allra fyrirtækja á þessum markaði grandskoðaðar. Það hefur tafið fyrir því að sala á okkar vörum hefjist, en í raun er þetta bara gott fyrir okkur þar sem þetta sýnir svart á hvítu að okkar vara er gæðavara,“ segir Þorleifur, en hann býst við vörurnar fari á markað í Bandaríkjunum á næstu vikum.

Murr hefur einnig hafið útflutning til Kanada, fyrst íslenskra

fyrirtækja. „Vegna þess að við erum fyrsta íslenska fyrirtækið sem flytur út til Kanada höfum við lent smávegis skrifræðisveseni. Þeir vissu ekkert hvernig ætti að bera sig að varðandi íslensk fyrirtæki,“ segir Þorleifur og hlær. „Maður hefði nú haldið, miðað við tengsl Íslands og Kanada í gegnum tíðina að einhver íslensk fyrirtæki hefðu áður flutt út vörur þangað.“

Starfsemi Murr ehf. fer ört stækkandi á Ísafirði, en nú eru nú starfsmenn hjá fyrirtækinu, sem var stofnað árið 2008. „Það ár settum við eina gerð af hundamat og tvær af kattamat á markað á Íslandi, en nú erum við með sex gerðir af hundamat og sex af kattamat,“ segir Þorleifur, og

bætir því við þess utan er selur Murr hundasnakki sem er gert úr svínseyrum og harðfiski. Íbúar á Ísafirði hafa keypt vörur beint frá Murr, og segir Þorleifur að það sé ágætis leið fyrir gæludýraeigendur til að spara pening. „Við seljum útlitsgallaðar vörur á lægra verði. Það er sniðugt að kaupa þær því það er ekkert að framleiðslunni.“

„Annars er ég bara mjög bjartsýnn. Það sem nú er komið út til Bandaríkjanna er þegar selt til verslananna þannig að við lítum bara björgum augum fram á veginn. Við stöndum mjög vel og það er ekkert vesen á okkur, hér eru engin kúlulán áhvílandi og engar afskriftir átt sér stað,“ segir hann léttur í bragði.



## Útskrifuðust af skemmtibátanámskeiði

Þrjú ungmenni luku á dögum skemmtibátanámskeiði á Ísafirði með verklegu prófi. Jóhann Gunnar Guðbjartsson og Brynja Huld Óskarsdóttir tóku bæði bóklegt og verklegt námskeið, en Egill Ari Gunnarsson lauk verklegu. Kennari

á námskeiðinu var Theódór Theódórsson og prófdómari var Guðbjörn Páll Sölvason, en þeir sjá um námskeiðið fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Skemmtibátanámskeið þykir henta öllum sem langar að sigla og fræðast um sjósókn og skemmt-

un. Námið er kennt með faglegri ábyrgð skipstjórnarskóla Tækniskólans. Námskeiðið veitir siglingaréttindi á skemmtibáta allt að 24 metra á lengd. Siglt var á bátum Heppinn sem Sigurður Ólafsson lagði til.

– *thelma@bb.is*



Ástær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

### María S. Guðröðardóttir Ögri

lést á kvenlækningadeild Landspítalans 18. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Ögurkirkju laugardaginn 30. júní kl. 14:00.

Halldór Halldórsson	Guðfinna M. Hreiðarsdóttir
Leifur Halldórsson	Steinunn Einarsdóttir
Hafliði Halldórsson	Heiða Sigurbergsdóttir
Harpa Halldórsdóttir	
Guðmundur Halldórsson	Auður Marteinsdóttir
Halla María Halldórsdóttir	Þórolfur Sveinn Sveinsson

barnabörn og barnabarnabarn

## Spurningin

Vilt þú að sá tími sem einstaklingur getur setið í embætti forseta Íslands verði takmarkaður?

Alls svöruðu 488.  
Já sögðu 242 eða 49%  
Nei sögðu 246 eða 51%

Netspurningin er birt vikulega á [bb.is](http://bb.is) og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag og laugardag:** Norðanátt og rigning með köflum, en þurr S- og V-lands. Kólnandi veður, einkum fyrir norðan og austan.

**Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir áframhaldandi norðan- og norðvestanátt með rigningu á norðanverðu landinu en björtu veðri syðra. Svalt í veðri.

## Ritstjórnargrein

# „Draslið í landi“

Saga útgerðar á Flateyri undanfarin ár er samfelld raunasaga. Mörgum var því létt í byrjun síðasta árs þegar fyrirtækið Lonta ehf., á Álftanesi tók sig upp, flutti vestur og keypti hluta eigna þrotabús Eyrarodda. „Nú er að rofa til“ var haft á orði, allt að 20 manns ráðið til vinnu hjá fyrirtækinu til að byrja með. Menn þóttust sjá til sólar. Upp úr miðju síðasta ári hefði mátt ætla að styrkari stöðum væri verið að renna undir atvinnulíf Flateyringa með sölu á þeim eignum sem eftir voru í þrotabúi Eyrarodda til Arctic Odda ehf.

Þá juku fyrirætlanir fiskeldisfyrirtækisins Dýrfisks ehf, um fiskvinnslu á Flateyri, bjartsýni manna á framhaldinu. Menn gerðu sér vonir um að erfiðasta brekkan væri að baki. Sólin var tekin að hækka á loti.

Skjött bregður birtu. Forsvarsmenn Arctic Odda ehf., hafa tilkynnt Verkalýðsfélagi Vestfirðinga áform um fyrirhugaða langtíma vinnustöðvun þar sem hlutdeild í svokölluðum byggðakvóta virðist brostin. Klögumálin ganga á milli fyrirtækjanna Lontu ehf., og Arctic Odda ehf. Talsmenn Lontu segjast ekki hafa gert neinn samning við Arctic Odda, utan samning um löndun og verkun á grásleppu og það geti „enginn sölsað undir sig byggðakvóta þar sem ákveðnum útlutunarreglum verður að fylgja.“ Gagnaðilarnir segja Lontu-menn hljóta að vita hvað þeir hafi skrifað undir. Í þessari krísu bætti ekki

úr skák að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið tók sér nokkra mánuði til að svara bréfi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um útlutunarreglur byggðakvóta þessa árs. Gamla sagan þar á bæ, þegar taka þarf til hendinni!

Augljóst var að byggðakvóti spilaði stóra rullu við aðkomu Arctic Odda að uppbyggingu atvinnulífsins á Flateyri. (Til hvers er byggðakvóti?) Meinið er að frá upphafi hefur allur byggðakvótinn verið eins og hvert annað bitbein, átök um fjármuni, þar sem hagsmunir fiskvinnslufólks voru á köldum klaka, skiptu engu máli: draslið í landi (fiskvinnslustöðvar og frystihús) eins og það var orðað af útgerðarmanni fyrir röskum áratug, skipti ekki nokkru máli, það væri kvótinn sem allt snerist um; gullæðin lægi um kóta-kerfið. Kerfi þeirra sem valdir voru „til að lifa“ svo vitnað sé til orða þess merka stjórnámamanns, Bjarna heitins Benediktssonar, frá haftaarunum þegar framtíð fyrirtækja var í mörgum tilfellum háð pólitískri afstöðu ríkisvaldsins.

Vera má að það sé einhver huggun í því að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur komist að því að í fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga felist ekki mannréttindabrot. Hvað sem því líður ættu augu manna, eftir yfir tveggja áratuga rífrildi um kerfi sem átti aldrei að verða. *s.h.*

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is). **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is). · Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, [guðmundur@bb.is](mailto:guðmundur@bb.is). **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is). **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

# Fasteignamat 2013

## - einn, tveir og þrír


Þjóðskrá Íslands tilkynnir fasteignaeigendum um nýtt fasteignamat sem gildir fyrir árið 2013 og miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2012. Frestur til að gera athugasemdir við nýja fasteignamatið er til 1. ágúst 2012.

Fasteignamat er birt á upplýsinga- og þjónustuveitunni Ísland.is og geta fasteignaeigendur skoðað mat eigna sinna þar þegar þeim hentar.

1

Fara á Ísland.is

Smelltu á borðann til að skoða fasteignamat eigna þinna



2

Tvær leiðir til auðkenningar

Þú skráir þig inn á *Mínar síður* með rafrænum skilríkjum eða með aðalveflykli ríkisskattstjóra. (Týndur veflykill - sjá skattur.is.)



3

Tilkynningaseðill

Tilkynningaseðill fasteignamats er í pósthólfinu þínu á Ísland.is.



Fasteignaeigendur geta einnig nálgast fasteignamatið á vefnum skra.is með því að slá inn götuheiti eða haft samband við Þjóðskrá Íslands og óskað eftir að fá tilkynningaseðilinn sendan með bréfpósti.



# Saknar ennþá fjallanna heima

Fjóra Ólafsdóttir ólst upp í fimm-tán systkina hópi í Bolungarvík. Hún fagnaði níutíu ára afmæli sínu í félagsheimilinu í Bolungarvík – því besta í heimi, að hennar sögn – í byrjun júní, umkringd fríðum flokki afkomenda og kærri vina. Fjóra er nú búsett í Þorlákshöfn, en nýtir þó hvert tækifæri sem gefst til að skreppa vestur. Þá heimsækir hún fjölskyldu og vini í Víkinni, kíkir kannski í paradís á jörðu, sumar-bústaðinn sem hún á í Seyðisfirði, og nýtur þess að endurnýja kynnin við fjöllin sem hún saknar enn. Fjóra er eldhress, sést frekar á hlaupum en göngu, og við hestaheilsu. Hún gaf sér tíma til að setjast niður með blaðamanni Bæjarins besta og líta aðeins um öxl á þessum merkilegu tímamótum.

## Fimm krónu seðillinn fjársjóður

Þeir eru eflaust margir sem vildu skipta á eigin gluggum og útsýninu úr stofugluggunum á Hafnargötu 115a í Bolungarvík, þar sem Elísabet María Pétursdóttir, eða Beta Maja, dóttir Fjólu, býr. Daginn sem blaðamaður ber dyra glitrar sumarblár sjórinn eins og eðalsteinn og Hornstrandir rísa tignarlegar úr djúpinu. Fjóra, sem erfitt er að trúa að sé komin mikið yfir sjötugt, tekur blaðamanni opnum örmum, nýkomin aftur úr bíltúr um Djúpið góða. Þegar kaffibollinn er kominn í hönd og veitingar á disk lætur Fjóra hugann reika aftur á bak í gegnum áratugin.

Fjóra er fædd á Kleifum í Skötufirði, 10. júní 1922. Hún er tvíburi, eins og reyndar fleiri systkini hennar. „Pabbi minn, sem hét Ólafur Hálfðásson, og mamma, María Rögnvaldardóttir, voru bæði innan úr Djúpi. Hann var fæddur í Hestfirði og uppallinn bæði á Hvítanesi og á Hesti, en hún var frá Uppsölum í Seyðisfirði. Ég er svo gott sem hreinræktuð úr Djúpinu,“ segir hún og brosir.

„Pabbi og mamma áttu fimm-tán börn og þar af voru sex sinnum tvíburar! Það heyrði bara til tíðinda ef það fæddist bara eitt barn,“ segir Fjóra og hlær við.

„Ég var svona í miðjunni í þessum systkinahópi. Tvíburasystir mín hét Lilja, en hún er dáiin fyrir þremur árum. Hún átti heima hér í Bolungarvík alla tíð,“ bætir hún við.

Blómasysturnar Fjóra og Lilja voru ekki nema tveggja ára þegar foreldrar þeirra fluttu frá Skötufirði. „Ég man náttúrulega ekkert eftir því. Pabbi og mamma fluttu svo hingað til Bolungarvíkur árið 1930 og því man ég eftir. Ég var þá átta ára. Ég veit nú varla hvort ég á að segja frá því, en þegar þau fluttu var ég að passa börn inni í Súðavík. Átta ára. Ég var í vist hjá frænda mínum að passa í tvö sumur, 1930 og 1931,“ útskýrir Fjóra. „Ég man mjög vel að um haustið gaf hann mér fimmkrónuseðil fyrir og það var fyrsti peningurinn sem ég sá. Það sást annars aldrei peningur í þá daga, það var bara allt í viðskiptareikningum,“ bætir hún við.

Þennan fimmkrónuseðil man Fjóra sérstaklega vel. „Fyrir nokkrum árum fór ég með eldri borgurum í Þorlákshöfn til Reykjavíkur. Við vorum boðin þangað að skoða gamla síma og sáum líka gamla seðla og mynt uppi á vegg í salnum sem við vorum í. Ég sagði við konurnar sem voru með mér frá Þorlákshöfn að þarna væri seðillinn sem ég fékk þegar ég var átta ára. Fimmkrónuseðill, hvaðu þær og héldu að það gæti ekki verið. Það hlyti að hafa verið fimmtúkrónuseðill, eða fimmhundruð. En nei, sagði ég. Ég sé þennan seðil fyrir mér ábyggilega eins lengi og ég lifi; litinn og allt saman. Mér fannst þetta heill fjársjóður. Þá stóð þarna maður fyrir aftan okkur sem heyrði til okkar og spurði mig hvort ég myndi hvaða ár þetta hefði verið. Já, sagði ég, galvösk, þetta var 1930! Hann sagði þetta alveg rétt hjá mér, myntin var nefnilega lögð niður árið 1932. Ég var auðvitað montin og upp með mér eftir þetta! Þær gátu ekkert sagt, konurnar sem voru með mér,“ segir hún kímín.

## Í lífsins skóla

Foreldrar Fjólu höfðu komið

sér fyrir í sveitabæ sem stóð þó mjög nálægt þorpinu í Bolungarvík. „Ég kom hingað fyrst með fiskibát, sem frændi minn fór með mig á hingað úteftir úr Súðavík,“ segir Fjóra, sem kveðst ekki muna almennilega hvernig þá var um að litast á svæðinu. „Bærinn hét Tröð og stóð hérna alveg við þorpið. Annars voru hérna verbúðir og slíkt. Þetta var náttúrulega allt annað en í dag,“ segir Fjóra.

Fjölskyldan stundaði búskap í Tröð og leið vel þar, þótt plássíð væri kannski af öðrum toga en fólk á almennt að venjast nú til dags. „Við ólumst náttúrulega upp í sveit, alveg. Við vorum með tvær eða þrjár beljur og eitt-hvað af kindum. Svo vorum við þetta mörg systkinin í litlu húsi. Það voru þrjú herbergi og eldhús í bænum. Við tvíburasysturnar sváfum alltaf í sama rúmi. Þetta var bara þannig,“ segir Fjóra og brosir. Þrátt fyrir að börnin væru orðin fimmtán létu foreldrar Fjólu það ekki stöðva sig í að taka barn í fóstur. „Þeim fannst víst ekki nóg að ala bara okkur upp, heldur tóku líka fósturson! Hann hét Ármann Leifsson og var á fyrsta ári þegar þau tóku hann. Hann ólst svo upp með okkur, alveg eins og okkar bróðir,“ segir Fjóra frá.

Systkinin tóku öll þátt í daglegum störfum á bænum. „Já, já, já, við fórum öll systkinin strax að vinna eitthvað, um leið og við gátum. Svo stunduðu sum þeirra líka vinnu hérna niðri í byggðarlaginu líka, þetta var svo stutt frá,“ útskýrir hún.

Hvað með skólagönguna? „Já, við vorum náttúrulega í skóla líka. Ég var nú bara fjóra vetur í skóla, bara barnaskólann. Mig minnir að við höfum farið tíu ára í skólann og verið í fjóra vetur. Það er eina skólagangan sem ég á að baki. Annars hef ég bara verið í lífsins skóla – maður hefur nú haft voða gott af því,“ segir hún. Hinni formlegu skólagöngu lauk hins vegar við fermingu, og þá tók vinnan við.

„Ég fór þá að passa börn hingað og þangað, bæði í Bolungarvík og á Ísafirði. Ég réði mig í vist og ég var alltaf hjá góðu fólki. Það urðu náttúrulega allir að

vinna fyrir sér. Eldri systkini mín voru þá í vinnu hér niðri í kaupstaðnum, hjá Einari Guðfinnsyni. Pabbi minn og hann voru bræðrabörn. Þetta er allt innan úr Djúpi – allt skylt!“ segir Fjóra brosandí.

## Barnalán í Skálavík

Eiginmaður Fjólu til yfir fimm-tíu ára hét Pétur Jónsson, en hann lést árið 1995. Pétur var Bolvíkingur í húð og hár, en seinna meir urðu veikindi hans til þess að þau hjón fluttust til Þorlákshafnar. En hvernig kynntust þau?

„Við kynntumst nú bara á dansleikjum eins og gengur og gerist og eins og var hér í gamla daga í Bolungarvík,“ segir Fjóra og brosir. „Þá var stúkúhús hér, ekki þetta fína samkomuhús sem er í dag. Við kynntumst bara þar og svona á götunni. Við giftum okkur svo árið 1943. Þá var ég... hvað, 21 árs. Við áttum þá eina dóttur,“ útskýrir Fjóra.

Pétur og Fjóra fluttust í kjölfarið til Skálavíkur, þar sem þau stunduðu búskap að Breiðabóli í tvö og hálf ár. „Við höfðum það alveg ágætt þar, en annars var hann nú sjómaður í fyrstunni. Hann var á sjó hér í Bolungarvík áður en við fórum í þennan búskap,“ útskýrir hún. „Það var voða gott að vera í Skálavík. Mér hefur reyndar alls staðar liðið vel þar sem ég hef verið,“ bætir Fjóra við. Aðstæður gerðu þó að verkum að hjónin neyddust eiginlega til að flytja sig um set...

„Ég var alltaf ólétt!“ segir Fjóra og hlær við. „Ég gat bara ekki verið lengur í Skálavík. Í fyrstunni, þegar við fluttum, áttum við bara þessa einu dóttur, Friðgerði. Svo átti ég tvíburana, Jón Guðna og Ólaf, Nonna og Lalla. Þegar þeir fæddust var hún að verða fjögurra ára. Einu og hálfu ári seinna átti ég Sigga og svo átti ég Betu Maju ári eftir það. Þá var ég búin að eiga fimm börn og þar af fjögur á tæpum þremur árum,“ segir Fjóra. Það er því fremur auðskiljanlegt að þau hjón skuli hafa viljað vera nær vinum sínum og vanda-mönnum.

„Það var eiginlega ekki hægt að búa svona afskekkt. Það var svo langt að keyra í Skálavík á veturna og öryggi oft, það var oft svo mikill snjór á milli,“ segir Fjóra. Þau fluttust því í Þjóðólfs-tungu og bjuggu þar í tvö ár, en síðan í Meiri-Hlíð, þar sem foreldrar Fjólu höfðu búið. „Það eru býli hérna framan við plássíð. Við tókum við af mömmu og pabba í Meiri-Hlíð og vorum þá komin með stórt bú. Yngstu dótturina, Fjólu, átti ég svo í Meiri-Hlíð. Hún er sko langyngst, átta árum yngri en sú næsta. Hún var hálfgtert örverpi,“ segir Fjóra.

## Í eyðimörkina í Þorlákshöfn

Eftir margra ára búsetu í Bolungarvík fluttust Fjóra og Pétur til Þorlákshafnar árið 1988. Fjóra segir hafa farið vel um sig í Þorlákshöfn frá upphafi, þó henni hafi ekki litist alveg á blikuna þegar hún kom þangað í fyrsta skipti.

„Við fluttum af því að Pétur var hjartasjúklingur og við urðum að vera nær lækniþjónustunni í Reykjavík, eins og gengur. Honum leið alltaf vel í Þorlákshöfn og mér líka. Það er gott að vera þar. En þetta var náttúrulega rosaleg breyting, þegar við fluttum. Ég man að þegar við vorum að fara yfir fjallið frá Reykjavík á leiðinni í Þorlákshöfn gat ég bara ekki talað við hann, ég var svo sár eitthvað! Þá fannst mér þetta bara vera eyðimörk!“ segir Fjóra og hlær við. Hún er þó fljót að bæta við að sú tilfinning sé löngu grafin og gleymd. En saknar hún samt ekki vestfirsku fjallanna?

Fjóra fórnar höndum. „Hvort ég sakna... Ég hef alla tíð saknað fjallanna, og sjósins líka. Þetta er svo flatt í Þorlákshöfn að ég sé aldrei út á sjó. Ég get samt alveg farið út á höfn. Og það eru engin fjöll í Þorlákshöfn, ekki nema langt í fjarska. Ég sakna þeirra alltaf,“ segir Fjóra.

Eftir fyrsta eyðimerkursjokkið var Fjóra þó fljót að aðlagast lífinu á nýjum stað. „Við keyptum okkur raðhús í Þorlákshöfn







og komum okkur fyrir. Pétur fór svo bara strax út á vinnumarkaðinn, hann var þannig maður að hann vildi alltaf vera að vinna. En ég gerði ekki neitt - nema að láta mér leiðast!“ segir hún og hlær. „Þannig var það fyrstu tvo mánuðina, en svo fór þetta nú allt að lagast. Okkur var svo vel tekið og allir svo góðir við okkur. Við kynntumst svo yndislegu fólki strax. Og svo áttum við eina dótturdóttur þar líka. Hún var náttúrulega alveg í uppáhaldi hjá okkur og hefur reynst mér alveg sérstök alla tíð, hún og hennar maður. Það er yndislegt að hafa hana svona nálægt,“ segir Fjóra. Dótturdóttir Fjólu og Péturs, Þorbjörg Jónína Magnúsdóttir, og maður hennar, Valdimar Bjarnason, voru búsett í Þorlákshöfn þegar þau fluttu, en nokkrum árum síðar fluttist sonardóttir þeirra, Fjóra Halldóra Jónsdóttir einnig í bæinn, ásamt manni sínum, Gylfa Þór Guðmundssyni. Fjóra segir „stelpurnar sínar“, eins og hún kallar þær, hafa reynst sér einstaklega vel.

## Ræturnar allar í Bolungarvík

Þrátt fyrir að hafa búið sér nýtt heimili og una sér vel í Þorlákshöfn talar Fjóra þó enn um að fara „heim“ til Bolungarvíkur. Þegar kom að því að fagna niútu ára afmælinu kom heldur ekkert annað til greina hjá henni en að blása til veislu á heimaslóðum.

„Ég gat bara ekki hugsað mér að halda upp á það annars staðar en heima í Bolungarvík,“ segir Fjóra. „Í Þorlákshöfn bý ég í eldri mannaíbúð. Forstöðukonan hjá okkur sagði að þau skyldu nú bara halda upp á afmælið mitt í salnum sem er þar. Nei, Sigrún mín, sagði ég henni, ég ætla sko heim! Hún skildi þetta nú ekki alveg og spurði hvort ég ætti ekki heima hjá þeim. Og auðvitað á ég heima þar, en ræturnar mínar eru allar í Bolungarvík. Og ég sé sko ekki eftir þessari ákvörðun, það hefur alveg hreint verið leikið við mig alveg síðan ég kom. Ég hef haft það eins og drottning,“ segir Fjóra ánægð.

Fjóra á í dag sextíu og nú afkomendur. Börnin hennar sex voru öll í afmælinu, ásamt fjölda annarra vina og vandamanna. „Einn sonur minn á heima úti á Grænlandi – hefurðu ekki heyrt um Ísmanninn?“ Blaðamaður segist aldeilis vita hver sá er. „Það er sonur minn!“ segir Fjóra þá stolt. „Hann kom náttúrulega til að heiðra mömmu sína, og yngsta dóttir mín sem býr í Norregi kom með sínum manni líka. Þetta var alveg yndislegur dagur,“ bætir hún við.

Fjóra gæti heldur vart verið ánægðari með aðbúnaðinn í Bolungarvík. „Við vorum hérna í félagsheimilinu í Bolungarvík, sem er nú falletasta félagsheimili



**Foreldrar Fjólu, Ólafur Hálfðánsson og María Rögnvaldsdóttir, með börnum sínum. Aftari röð, frá vinstri: Ósk, Guðrún, Kristín, Rögnvaldur, Fjóra, Lilja, Jónatan, Einar. Fremri röð, frá vinstri: Haukur, Halldóra, María, Ólafur og María, Ólafur Daði, Helga Svana, Hálfðán.**

á landinu að mínum dómi. Við fengum kaffi og hlaðborð og allt með. Hann Halldór Karl sem sér um þetta stjarnaði svoleiðis við okkur,“ segir hún ánægð.

Af börnum Fjólu búa nú tvö í Bolungarvík; áður nefnd Beta Maja og annar tvíburanna, Jón Guðni. „Hann er skipstjóri á Þorlákí, stærsta bátinum hérna í Bolungarvík, og voða vinsæll og góður,“ segir Fjóra, sem er auðheyrilega stolt af afkomendum. „Þau hafa öll komið sér vel, börnin mín. Ég á líka alveg yndisleg börn,“ segir hún.

Hvað með þau sem hafa komið sér fyrir utan landssteinanna, hefur hún heimsótt þau? „Já, já, á meðan Pétur lifði fórum við oft til Noregs og ég held ég hafi farið einu sinni síðan hann dó. Dóttir mín býr í Drammen, rétt hjá Osló. Ég hef hins vegar aldrei farið til Grænlands!“ segir Fjóra og hlær við. Hún á heldur ekki von á að verði af því úr þessu. „Mér er svo illa við að fljúga. Ég þurfti alltaf að halda í Pétur þegar ég fór með honum. En ég hef farið til Noregs – og Svíþjóðar líka, ég á nefnilega barnabörn þar. Þetta er ekki allt á sama blettinum, þó ræturnar séu sterkar,“ segir hún.

## Guð fæddur í Djúpinu

Auk barna sinna tveggja í Bolungarvík heimsækir Fjóra þau systkini sín sem enn búa í Víkinni í tíðum vesturferðum sínum. „Svo á ég náttúrulega marga

gamla vini hér líka, en þetta er náttúrulega allt að hverfa, eins og við vitum,“ segir Fjóra. Þjóðist henni gott bílfar er hún iðulega rokin af stað vestur og nýtur þess alveg sérstaklega ef tækifæri gefst til að kíkja í sumarbústað þeirra hjóna á Uppsalaeyri í Seyðisfirði.

„Við byggðum hann 1983. Ég á hann enn, með Jóni syni mínum. Hann á náttúrulega börn og buru og fjölskyldan notar hann mikið. Þar er alveg yndislegt að vera,“ segir Fjóra með sælusvip. „Við Pétur vorum þar á meðan hann gat. Hann var á grásleppu þar; fékk sér lítinn bát og var á grásleppu í mörg sumur. Síðan hann dó hef ég ekki verið mikið í bústaðnum, en ég fer alltaf eitthvað yfir sumarið og hef þá alltaf einhvern með mér. Ég er aldrei ein þar. Og ég tíni mikið af berjum! Það eru alveg afskaplega góð berjalönd þar. Svo sjáum við til hvort ég kemst það í haust, ég ætla allavega að reyna,“ segir hún ákveðin.

Á árum áður mætti segja að þau hjón hafi verið á berjavertíð, svo mikið tíndu þau og seldu. Þá dvöldust þau í Seyðisfirði í upp undir hálf ár; héldu í bústaðinn í apríllök og voru í það minnsta fram yfir berjatíð. Tínslan taldi hundruð lítra og var seld í tíu lítra fötum, bendir Beta Maja, sem hefur slegist í hópinn, á.

„Þetta voru allt hreinsuð aðalbláber,“ segir Fjóra. „Ég tíndi nú alltaf bara með puttnum, en hann var með tínu. Það var auð-



**Fjóra ásamt eiginmanni sínum, Pétri Jónssyni, á sjötugsafmæli hans.**

vitað mikið verk að hreinsa það allt, en það er sama. Ég veit ekki hvort ég hef einhvern tíma sagt þér það, Beta, en við fengum svo mikið fyrir berjatínluna að það dugði vanalega alveg fyrir jólagjöfunum hjá mér,“ segir hún og brosir.

Fjólu líður hvergi betur en í Djúpinu og er það afar kært, eins og fjölskyldan hennar veit öll. „Við segjum stundum að það sé

himnaríkið hennar, Djúpið,“ segir Beta Maja. „Pabbi sagði líka einhvern tíma við okkur: Þið vitið það krakkar mínir, mamma ykkar hefur sagt ykkur þetta áður, að Guð er fæddur hér.“

Til eru fleiri sögur af Djúpinu og himneskum tengslum þess. „Einu sinni var ég að koma keyrandi vestur fyrir jól, með syni hennar Betu. Hann sagði náttúrulega eins og öll hin börnin, að



Uppsalaeyri væri himnaríkið hennar ömmu,“ segir Fjóla frá. „Þennan dag var dumbungsveður alla leiðina, en þegar við sáum niður í Seyðisfjörðinn var þar alveg eins og spegill. Þá sagði Maggi Már við mig: Amma mín, sérðu nú bara, þeir eru að opna fyrir okkur Gullna hliðið! Þetta er það fallegasta sem ég hef heyrt.“

### Alltaf verið fíllraust

Fjóla er við hestaheilsu í dag, eins og alla tíð. „Ég hef bara alltaf verið frísk. Ég hef aldrei þurft á sjúkrahús. Ég er náttúrulega orðin gömul og kannski svolítið kölluð – en maður verður að taka því!“ segir hún hlæjandi. Aðspurð segist hún þó ekki vita hverju hún eigi hreystina að þakka.

„Ég hreinlega veit það ekki, ég hef bara verið hraust síðan ég var krakki og haft það mjög gott. Ég hef ekki þurft á neinum meðölum að halda eða neinu slíku – ég tek eina svefnpillu á kvöldin og það er allt og sumt. Ég hef það afskaplega gott. Það skiptir öllu að heilsan sé góð,“ segir Fjóla.

Beta getur sannarlega vottað að móðir hennar er enn í fullu fjöru. Fullmiklu, jafnvel. „Ég ætlaði að fylgja henni að heimsækja vinkonu hennar hérna í Bolungarvík í gær, sagðist ætla að labba með henni. Hún er með göngu grind, og ég hélt nú að við ætluðum bara að labba, en hún hljóp alla leiðina!“ Með göngu grindina í fanginu, þá? spyr blaðamaður á meðan Fjóla hristir höfuðið brosandí. „Nei, nei, ég trillaði henni nú á undan mér, en maður verður eitthvað að láta reyna á fæturna!“ segir hún svo.

Hvað varðar uppskriftina að þessari hestaheilsu þykist Beta hafa einhverja hugmynd um hvað gæti þar verið að verki. „Tókstu ekki lýsisskammtinn hennar Lilju líka, af því hún var nú ekki alltaf



**Fjóla vill nota tækifærið og koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem gerðu henni afmælisdaginn og heimsóknina alla ógleymanlega, og þá sérstaklega gestgjafa sínum og svilkonu, Fríðu Pétursdóttur á Sólbergi fyrir ógleymanlega gestrisni og yndislegar samverustundir.**

hraust sem barn?“ spyr hún móður sína. Því þverneitar Fjóla. „Nei, nei, nei. Það var ekki lýsi.

Hún þurfti að hafa blóðpillur, hún var svo blóðlítill þegar við vorum í skólanum. Henni fannst

erfitt að taka þessar pillur, svo ég tók þær fyrir hana. En ég held það hafi nú ekki verið nema ein pillu...“ segir hún svo. Lýsi tekur hún hins vegar samviskusamlega.

„Ég byrjaði nú ekki að taka það fyrr en ég varð fullorðin, en ég tek það á hverjum einasta morgni. Og drekk Aloe vera safe! Á morgnana fæ ég mér Aloe vera safe úr litlu glasi, svo tek ég lýsi og renni því niður með smá mjólkursopa. Svo fæ ég mér bara seríós og banana með mjólk út á, ef ég nenni ekki að elda hafragraut. Ég er alveg búin að venja mig á þetta og það gerir mér ekkert nema gott,“ segir Fjóla.

### Snýr ekki vestur aftur

Það styttest í heimför Fjólu, en hún er á suðurleið degi eftir heimsókn blaðamanns. Og þó að ræturnar séu allar í Djúpinu finnst henni ekki leitt að snúa aftur til Þorlákshafnar. „Ég er orðin þannig núna að ég vil helst bara

vera í minni íbúð. Áður var ég í alls kyns félagslífi í Þorlákshöfn, í gleri og ýmiss konar handavinnu. Nú geri ég bara mína handavinnu heima, og svo borða ég hádegismat hjá öldruðum. Það eru allir ósköp góðir við mig í Þorlákshöfn. Ég get svo bara gert það sem mér sýnist – og geri það líka!“ segir hún og hlær við.

Hefur hún aldrei íhugað að snúa aftur vestur? Fjóla hallar undir flatt. „Nei,“ segir hún með semingi. „Hann er náttúrulega jarðaður í Þorlákshöfn, maðurinn minn, og ég á frátekið pláss við hliðina á honum. Mér fundist ég vera að svíkja hann ef ég færi. Mér líður líka vel í Þorlákshöfn – en mér þykir voðalega gott að komast hingað öðru hverju,“ segir hún að lokum, áður en blaðamaður kveður þær mæðgur og heldur aftur út í kvöldið með bros á vör eftir fundinn með þessari jákvæðu og eldhressu konu.

– Sunna Dís Másdóttir.



Blómastúlkurnar og tvíburasysturnar Fjóla og Lilja á sjötugsafmæli sínu.



# Sólveig Guðmunda fær styrk til háskólanáms

Ísafirðingurinn Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir hefur fengið 300 þúsund króna styrk til náms við Háskóla Íslands. Hún er ein þeirra 26 afburðanemenda sem hefja nám í Háskóla Íslands í haust sem fengu afhenta styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands. Nemendurnir eiga það sameiginlegt að hafa náð framúrskarandi árangri á stúdentsprófi. Sólveig var dux Menntaskólans á Ísafirði á síðasta ári, en hún brautskráðist með meðaleinkunnina 9,39 á



Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir.

stúdentsprófi. Hún hefur nám í lyfjafræði við HÍ í haust, en síðan hún útskrifaðist hefur hún m.a.

unnið í fiskvinnslu og ferðast um heiminn.

Nemendurnir 26 sem hlutu styrkinn fá öll 300.000 krónur í sinn hlut, auk þess sem skráningargjöld verða niðurfelld, en þau eru 60.000 krónur. Alls bárust 77 umsóknir um þá styrki sem auglýstir voru fyrir framúrskarandi nemendur og því ljóst að samkeppnin var afar hörð. Af þeim 26 tilvonandi nemendum sem fengu styrki voru 13 duxar og sjö semíduxar í framhaldsskólum sínum síðustu tvö skólaár. Níu karlar fengu styrk og sautján konur, en þau komu úr sextán framhaldsskólum og hefja nám á fimmtán ólíkum námsleið-

um.

Við val á styrkhöfum var litið til afburða árangurs á stúdentsprófi en einnig voru önnur sjónarmið lögð til grundvallar, svo sem virkni í félagsstörfum í framhaldsskóla og árangur á öðrum sviðum, til dæmis í listum eða íþróttum. Þetta er í fimmta sinn sem styrkir eru veittir úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands. Sjóðurinn var stofnaður árið 2008 og er markmið hans að styrkja nýnema til náms við Háskóla Íslands. Styrkir í ár eru m.a. veittir með stuðningi Happraðttis Háskóla Íslands.

– gudmundur@bb.is

## Létu fjarlægja auglýsingaskilti

Golfklúbbur Ísafjarðar hefur fjarlægt auglýsingaskilti, þar sem ölið Carlsberg var auglýst, af golfskálanum í Tungudal. Var það gert að ósk Ísafjarðarbæjar í tengslum við starf Vinnuskólans á golfvelli. Þetta staðfesti Tryggvi Sigtryggsson formaður golfklúbbsins í samtali við Bæjarins besta. „Jú, við höfum tekið skiltið niður. Það var búið að vera þarna í mörg ár enda ekkert ólöglegt við að auglýsa léttöl en það þótti ekki við hæfi að hafa það í tengslum við barna- og unglingastarf. Við munum í staðinn fá annað skilti frá Vífilfelli, sem er dyggur stuðningsaðili.“

Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri íþrótt- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar segir að það sé ekki við hæfi að auglýsa áfengi á vinnustað barna. „Ísafjarðarbær hefur gert samning við HSV um að sinna forvarnastarfi auk þess sem vinnuskólinn er hluti af þeirri forvarnvinnu sem sveitarfélagið leggur fjármuni í. Við gerum þá kröfu að félög innan HSV vinni að forvörnum og hafi m.a. virka forvarnastefnu. Það er ekki við hæfi að það fyrsta sem blasir við unglingum er þeir mæta í vinnuna sé auglýsing fyrir áfengi, enda hefur það verið í umræðunni lengi að taka verði skiltið niður,“ segir hún og bætir við. „Ég held líka að við þurfum öll að taka ábyrgð á því að börn fái skýr skilaboð þegar kemur að forvarnastarfi.“

## smáar

Þríkrossa gullhálsmen tapaðist 14. febrúar sl., í miðbæ Ísafjarðar. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 456 3862 eða á lögreglustöðina á Ísafirði.

## Opið alla daga í sumar!

Mánudaga kl. 07-18.

Þriðjudaga kl. 07-18.

Miðvikudaga kl. 07-18.

Fimmtudaga kl. 07-18.

Föstudaga kl. 07-18.

Laugardaga kl. 07-17.

Sunnudaga kl. 09-17.



– gamalt en síungt!

## Forseti kjörinn

### Stakkur skrifar >

Eftir tvo daga ganga kjósendur að kjörborðinu og velja sér forseta lýðveldisins Íslands. Hver niðurstaðan verður veit í sjálfu sér enginn, en ýmislegt hefur þó skýrst í þeim efnunum. Övenju margir eru í framboði. Sennilega er það fremur góðs viti, en vekur samt upp spurningar. Hvers vegna bjóða menn, konur eða karlar, sig fram til þess æðsta embættis lýðveldisins? Ljóst er að margt hefur breyst síðan 1944 eða 1952 er þjóðin kaus forseta fyrsta sinni. Frambjóðendur voru þá þrír, allir þjóðþekktir karlar með mikla reynslu af störfum í þágu þjóðarinnar, tveir stjórnmálamenn og einn vígslubiskup. Ríkisstjórnarflokkarnir reyndu að hafa áhrif á niðurstöðu með því að bjóða fram séra Bjarna Jónsson vígslubiskup. Þjóðin valdi stjórnmálamanninn Ásgeir Ásgeirsson, er verið hafði forsætisráðherra auk margra annarra starfa. Gísli Sveinsson sem hafði verið forseti sameinaðs Alþingis náði ekki hylli fjöldans.

Í forsetakosningum 1968, 1980 og 1996 höfðu stjórnmálaflokkar ekki afskipti. Sama er nú. Þó má draga þá ályktun að sá frambjóðandi sem komist hefur næst sitjandi forseta í könnunum að undanförunu sé fremur þóknanlegur ríkisstjórninni. Enginn virðist höfða til fólks annars staðar í hinu pólitíska litrófi en

vinstra megin við miðju. Þessir tveir hafa mesta möguleika á því að ná kjöri. Aðrir draga ekki á þá. Sitjandi forseti hefur verið umdeildur stjórnmálamaður, forseti og einstaklingur. Hann þykir óvæginn er þannig ber undir, en getur verið allra manna bestur í samskiptum við þjóðina ef við á. Eftir að hafa tvívegis synjað Icesave lögum staðfestingar og vísað til þjóðaratkvæðis sem þjóðin hafnaði í bæði skiptin er sitjandi ríkisstjórn lítt hrifin. Frambjóðandinn sem fyrir nærri einum og hálfum áratug hvatti í blaðagrein til myndunar Samfylkingarinnar og inngöngu í Evrópusambandið hlýtur að vera nær skapi forsætisráðherra. Sú er ályktun margra sem velta fyrir sér niðurstöðu kosninganna næsta laugardag.

Óháð því hvernig atkvæði falla er ljóst að Alþingi og ríkisstjórnin hafa með þrúsetu sinni haft áhrif á það að kosningabaráttan hefur ekki komist af stað. Hún hefur verið á allt annan hátt en nokkru sinni fyrir. Þannig hefur hún orðið pólitískari en ella. En þrúsetan hefur líka skemmt fyrir frambjóðanda sem helst keppir við sitjandi forseta. Það er kaldhæðni en gæti orðið einum að falli og öðrum til framdráttar. Þegar forseti hefur verið kjörinn er hann allrar þjóðarinnar.





Deila á milli Íbúðalánasjóðs og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga kemur sér illa fyrir Bolungarvík.

# Bolungarvík fær skuldir ekki niðurfelldar

„Það er alvarlegt mál að opinber aðili eins og eftirlitsnefndin geti gert samning um aðgerðir Íbúðalánasjóðs án hans aðkomu,“ segir Sigurður Erlingsson framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs í samtali við Fréttablaðið. Bæjarins besta greindi

## Erlendir ferðamenn skoða Litlabæ

„Það hefur verið alveg þokkalegur straumur hingað,“ segir Sigríður Hafliðadóttir, sem hefur umsjón með Litlabæ í Skötufirði. „Maí kom alveg þokkalega út þó svo að gestirnir hafi kannski verið heldur færri en í maí í fyrra, en það er nú ekki munur á því. Júní hefur líka gengið vel fyrir utan smá lægð en nú er það að glæðast aftur.“ Aðspurð segir hún að megnið af gestum það sem af er sumri hafi verið af erlendu bergi brotnir.

Litlabær í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi var byggður árið 1895 af þeim Finnboga Péturssyni og Guðfinni Einarssyni. Upphaflega bjuggu þeir báðir í bænum með fjölskyldum sínum. Bærinn var gerður upp á árunum 1998 til 2002 af Þjóðminjasafninu og er opinn ferðamönnum frá miðjum maí og út ágúst. Þar er hægt að kaupa kaffi og heimagert meðlæti að hætti húsfreyjunnar á Hvítanesi auk margs konar handverks úr héraði.

„Hér gengur bara allt sinn vanagang og nú eru heilu rúturnar farnar að koma til okkar svo það er oft glatt á hjalla,“ segir Sigríður. — *thelma@bb.is*

frá því í síðasta mánuði að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og Bolungarvíkurkaupstaður hafi gert samning þess efnis að skuldir Bolungarvíkur vegna félagsleg íbúðarhúsnæðis yrðu niðurfelldar, að því gefnu að Bolungarvíkurkaupstaður færi í niðurskurðaraðgerðir.

Samkomulagið milli eftirlitsnefndar og Bolungarvíkurkaupstaðar, sem var gert í lok árs 2008 og byrjun árs 2009, gerir ráð fyrir því að Bolungarvík grípi til niðurskurðaraðgerða, frestun-

um á framkvæmdum, auknu álagi á útsvar og hækkun á þjónustutekjum. Bolungarvík telur sig hafa staðið við sinn hluta samkomulagsins, sem kveður á um að 146 milljón króna skuld á félagslegu íbúðarhúsnæði í bænum yrði þá aflétt. Eftirlitsnefnd leitaði eftir aðgerðum Íbúðalánasjóðs, en í janúar 2009 samþykkti stjórnin að afskrifa að fullu helming þeirrar upphæðar, eða 73 milljónir. Afgangurinn yrði frystur í eitt ár. Þegar leitað var eftir því að afgangur upphæðarinnar

yrði felldur niður hafði ný stjórn Íbúðalánasjóðs tekið við, en hún hafnaði erindinu.

Sigurður sagði við Fréttablaðið að Íbúðalánasjóður hafi aldrei verið aðila að þessu samkomulagi og sé því ekki bundinn af því. Hann segir stöðu eignanna þannig að í dag standi þær undir sér. Þá sé Íbúðalánasjóður bundinn af tilmælum að fylgja „Beinu brautinni“ í aðgerðum í skuldamálum. Samkvæmt henni má ekki mismuna kröfuhöfum, en sú yrði reyndin ef farið væri eftir

samkomulaginu. Nefndin og sjóðinn greinir því á um raunverulega stöðu sveitarfélagsins.

„Við kynntum nefndinni okkar mat um að staða sveitarfélagsins væri mun alvarlegri en þeir teldu hana vera og þar af leiðandi teldum við að frekari aðgerða væri þörf. Við höfum ítrekað boðið þeim að fara í Beinu brautina, þar sem jafnræði kröfuhafa verði gætt. Því hefur ekki verið sinnt,“ sagði Sigurður í samtali við Fréttablaðið.

— *gudmundur@bb.is*

## Auglýsing um kjörfund vegna forsetakosninga 30. júní 2012

Kjörfundur vegna forsetakosninga verður haldinn 30. júní 2012. Kjörfundur hefst kl. 09:00 í öllum kjördeildum og stendur til kl. 22:00 í 1.-3. kjördeild en til kl. 20:00 í 4.-6. kjördeild. Kosið verður á eftirtöldum stöðum:

- 1.-3. kjördeild í íþróttahúsinu á Torfnesi.
4. kjördeild í Grunnskólanum á Suðureyri.
5. kjördeild í Grunnskóla Önuðarfjarðar á Flateyri.
6. kjördeild í Grunnskólanum á Þingeyri.

Kjörskrá liggur frammi til kjördags á skrifstofu Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Kjósendur eru minntir á að hafa með sér persónuskilríki á kjörstað. Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður í íþróttahúsinu á Torfnesi. Sími yfirkjörstjórnar á kjördag er 450 8090.



ÍSAFJARÐARBÆR

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar  
Hildur Halldórsdóttir, formaður.  
Kristján G. Jóhannsson.  
Aðalbjörg Sigurðardóttir.



# Sextíu og átta nemendur með Menntaskólann sem fyrsta val



## Menntaskólinn á Ísafirði.

Sjötíu og átta nýnemum hefur verið úthlutað námsplássi við Menntaskólann á Ísafirði á haustönn ársins 2012. Samkvæmt upplýsingum Menntagáttarinnar um innritun 10. bekkinga í framhaldsskóla, höfðu 68 nem-

endur skráð MÍ sem sitt fyrsta val en fjórtán nemendur sem annað val. Í fyrrahaust voru nýnemendur sjötíu talsins en árið áður voru þeir 77 og 87 árið 2009. Heildarfjöldi 10. bekkinga sem hafa sótt um nám í framhalds-

skóla í haust er 4.273. Fjöldi plássa fyrir 10. bekkinga í framhaldsskólum í ár er 4.444 en 4.421 nemendur voru skráðir í 10. bekk í október 2011 samkvæmt Hagstofu Íslands.

Alls 96.7% nemenda sem

skráðir voru í 10. bekk sóttu um skóla fyrir haustönn 2012. Hlutfall þeirra sem fengu inni í öðrum hvorum þeim skóla, sem þeir sóttu um skólavist í, er 97,6%. 103 nemendur fengu úthlutað námsplássi í þriðja skóla, þ.e.

skóla sem þeir sóttu ekki um í, samkvæmt reglum þar að lútandi. Í þeim er m.a. kveðið á um að reynt er að finna skóla sem er næst heimili nemandans og hefur í boði nám, sem er hliðstætt því sem sótt var um.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

## Guðjóns Arnórs Árnasonar Vöðlum, Önundarfirði

Brynjólfur Árnason Brynhildur Kristinsdóttir  
Gunnhildur Brynjólfssdóttir Þorsteinn Jóhannsson  
Árni Brynjólfsson Erna Rún Thorlacius  
Rakel Brynjólfssdóttir Jón Sigurðsson  
og börn þeirra.



Helga og Halldór á kayaknum.

## Mikið frelsi að vera á kayak

Helga Friðriksdóttir á Ísafirði, sem missti sjónina fyrir nokkrum árum, lét fötlun sína ekki aftra sér í að spreyta sig á kayak, er henni bauðst að prófa í síðustu viku. „Þetta var alveg einstök tilfinning og allt öðruvísi upplifun en ég átti von á þar sem ég er frekar sjóhædd,“ segir Helga. Með í för var hinn þaulreyndi ræðari Halldór Sveinbjörnsson sem Helga segir að hafi verið afar góður kennari. „Það var frábært að heyra fuglahljóðin og vera á fullri ferð. Ég væri alveg til í að prófa þetta aftur og fíkra mig áfram þar sem það er mikið frelsi fólgið í þessu ef ég kemst upp á lagið með þetta.“ Aðspurð hvernig það hafi komið til að hún fór í sjóferðina segir hún að ung vinkona hennar, Sandra Borg, hafi hvatt hana til að láta slag standa. „Þetta var mjög skemmtilegt og jákvætt enda líka svo gott veður,“ bætir Helga við.

## Dúkkusýning Jósefínu í Safnahúsinu

Margt var um manninn í Safnahúsinu á Ísafirði í síðustu viku þegar Jósefína Gísladóttir opnaði sýninguna Dansi, dansi dúkkan mín. Á sýningunni má sjá leikfangasafn Jósefínu, en hún á gríðarlega stórt og mikið safn af dúkkum og leikföngum. Skemmtiferðaskipið Costa Pacifica var í Ísafjarðarhöfn og gáfu margir gestir þess sér tíma til þess að líta á sýningu Jósefínu.

Jósefína fæddist á Ísafirði árið 1940 og hefur búið þar síðan. Hún lauk landsprófi frá Gagnfræðiskólanum á Ísafirði árið

1957, en hélt þaðan til Englands í enskunám. Þar varð Jósefína fyrri miklum áhrifum af breskri menningu og heimsótti hún meðal annars mörg dúkkusafn.

Á fullorðinsárum hefur Jósefína ferðast víða um heim og kemur þá iðulega upp löngunin í fallettar dúkkur. Síðustu ár hóf hún að safna bæði dúkkum og leikföngum og er nokkuð af þessu safni að finna á sýningunni. Sýningin stendur til 28. júlí og er opin á opnunartíma hússins, virka daga kl. 13.-18. og laugardaga kl. 13.-16. – [gudmundur@bb.is](mailto:gudmundur@bb.is)



Jósefína við opnun sýningarinnar.



# „Enn ein atlagan að byggðum landsins“

„Þetta er enn ein atlagan að byggðum landsins,“ segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík um lokun útibús Landsbankans í Súðavík sem rekið hefur verið sameiginlega með Íslandspósti. Einnig hefur verið tilkynnt um lokun Heilsugæslusels Súðavíkur sem opið hefur verið einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina. „Þetta er enn ein birtingarmyndin um stefnuleysi stjórnvalda í byggðamálum sem nú hefur verið við lýði í alltof langan tíma. Það er svo komið að stjórnvöld verða að fara gera upp hug sinn hvort þau vilji í raun og veru efla byggð landsins eða hvort að við okkur blasi sá raunveruleiki sem við höfum horft á eiga sér stað að of margar byggðir eru að veikjast vegna ástæðna sem megi rekja til ákvarðana til stjórnvalda,“ segir Ómar. „Sveitarfélögin standa sig afburða vel í að halda úti þjónustu og stjórnsýslustarfi hvert á sínum stað en sú þjónusta sem snýr að stjórnvöldum og stofnunum undir stjórn stjórnvalda sýnir aðra sögu. Það er því réttlát krafa í samræmi við margar greinargerðir sem gerðar hafa verið á vægi svæða, t.d. Vestfjarða, þar sem fram kemur að allt að þremur krónum sem fara í sameiginlegan ríkiskassa kemur ein króna til baka. Það er óréttlæti sem verður að leiðrétta.“ Hann segir að lokun heilsugæsluselsins sýni einnig fram á stefnuleysi stjórnvalda í byggðamálum. „Dæmið er mjög einfalt. Það er skorið svo mikið niður hjá heilbrigðisfyrirvöldum hjá Vestfjörðum að

þau sjá sér ekki einu sinni færni um að hafa opið í nokkrar klukkustundir í viku. Þetta litla útibú kostar mjög lítið en hagkvæmnin sem fæst, til dæmis í því að eldra fólk þurfi ekki að sækja sér lækniþjónustu til Ísafjarðar er mikil. Þetta mun auka kostnað íbúa við að sækja sér lækniþjónustu og einn einu sinni er vegið að grunnþjónustu byggða.“ En hvað er þá til ráða? Ómar bendir á eina leið sem ekki hefur verið skoðuð hjá stjórnvöldum. „Þessi þróun er að eiga sér stað út um allan heim Ábyrg stjórnvöld hafa leitast við að sporna gegn þessari þróun t.d. í Noregi þar sem stjórnvöld hafa beitt skattkerfinu sem byggðastýritæki. Gerð var tilraun að nýta það til að efla jaðarbyggðir sem leiðir í ljós á mjög skýran hátt að sú ákvörðun hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir þau jaðarsvæði. Þess vegna spyr maður sig af hverju stjórnvöld hafa ekki haft vilja til að vekja umræðu hvort að skattkerfið hjá þessari litlu þjóð geti ekki verið nýtt sem byggðarstýrikerfi eins og hjá öðrum þjóðum.“ Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur sent frá sér ítarlega bókun þar sem skorað er á ríkisstjórn Íslands um að hefja nú þegar vinnu við þróun raunverulegrar atvinnu- og byggðastefnu m.a. til varnar slíkum starfsháttum. „Þessi bókun er ákall til þingmanna og stjórnvalda að bregðast við þessari stöðu,“ segir Ómar. Hún er svohljóðandi: „Landsbanki Íslands hefur frá og með 31. maí sl. lokað útibúi sínu í Súðavík sem rekið hefur verið sameig-



Súðavík. Ljós: © Mats.

inlega með Íslandspósti. Jafnframt hefur Landsbankinn lokað útibúum á Flateyri, Bíldudal og í Króksfjarðarnesi. Vegna lokunarinnar telur Íslandspóstur ekki lengur forsendur til að halda áfram þjónustu sinni í Súðavík eins og verið hefur. Þessu til viðbótar hefur verið tilkynnt um lokun Heilsugæslusels Súðavíkur sem opið hefur verið einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina vegna hagræðingar. Lokanir þessar hafa alvarleg áhrif á byggðaforsendur og uppbyggingu atvinnugreina í Súðavík. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fordæmir ákvörðun stjórnenda Landsbanka Íslands um lokun útibúsins í Súðavík en sparnaður bankans er stórlega ofmetin þar sem rekstrarkostnaður útibúsins að teknu tilliti til framlags frá Íslandspósti er með því lægsta sem þekkist, en fasteignafélag í eigu sveitarfélagsins hefur leigt út aðstöðu sína til bankastarfseminnar frá árinu 2001. Að stjórn bankans loki útibúi sínu í Súðavík undir

þeim formerkjum að um samfélagslega ábyrgð sé að ræða er skammarleg fyrir stjórnendur Landsbankans. Öllum ætti að vera ljóst að þessar aðgerðir veikja stóðir samfélagsins verulega og er hér um að ræða alvarlega aðför að þjónustu við íbúa og atvinnulíf í Súðavík. Á engan hátt er tekið tillit til landfræðilegra aðstæðna og jafnræði gagnvart viðskiptavinum bankans. Jafnframt eru aðgerðirnar í algjöru ósamræmi við nýlegar yfirlýsingar stjórnvalda um að standa vörð um viðkvæmar byggðir landsins. Mætti setja þessar aðgerðir í sambengi við hamfarir enda mikið áfall fyrir íbúa og atvinnugreinar í byggðarlaginu. Greiningar sýna að skatttekjur ríkissjóðs frá Vestfirsku hagkerfi eru tvisvar til þrisvar sinnum meiri en framlög í vestfirsku opinbera þjónustu. Ekki er hægt að horfa með markaðslegum forsendum á alla þjónustu og ber stjórnvöldum sem og undirstofnunum stjórnvalda að horfa á heildarmyndina og

byggðaforsendur þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Er því á jafnréttisgrundvelli gerð krafa um að grunngerð samfélaga um landið allt sé tryggð þannig að landsmenn stíji við sama borð, enda er það í samræmi við yfirlýsingar stjórnvalda. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þjónustustig hefur mikil áhrif á val á búsetu og því sé ljóst að með slíkri skerðingu á þjónustu er ekki bara verið að minnka þjónustustigið (og spara örfáar krónur) til skamms tíma heldur er verið að skerða möguleika til langs tíma. Þar með hafa umræddar ákvarðanir keðjuverkandi áhrif sem geta leitt til þess að viðkvæmar byggðir hrynji með tilheyrandi samfélagslegum kostnaði sem vafalaust verður meiri þegar upp er staðið en það sem sparast nú til skamms tíma. Lokanirnar eru í raun enn ein birtingarmynd vilja- og getuleysis stjórnvalda til tuga ára í að tryggja byggðaforsendur um allt land sem á að vera samfélagsleg ábyrgð þingmanna og ríkisstjórnar Íslands. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps skorar á ríkisstjórn Íslands um að hefja nú þegar vinnu við þróun raunverulegrar atvinnu- og byggðastefnu m.a. til varnar slíkum starfsháttum. Að lokum er skorað á þingmenn Vestfirðinga um að sinna skyldu sinni í hagsmunagæslu fyrir kjósendur og eru þeir hvattir til að reisa skjaldborg um byggðir Vestfjarða sem nú hefur verið gert enn eitt áhlaupið á, nú með útspili stjórnenda Landsbanka Íslands.“

– thelma@bb.is

Sælkeri vikunnar er Birgir Þór Halldórsson frá Ísafirði

## Dásamleg dressing

„Mig langar að kynna fólki fyrir frábærri dressingu sem ég kynntist fyrir ekki svo löngu síðan en þessi dressing er frábær út á t.d. kjúklingasalat eða grillaðan fisk,“ segir Birgir.

### Dressingin dásamlega

2 msk balsamik edik  
2 msk sætt sinnep  
2 msk sýróp  
2 hvítlauksgeirar smátt sax-

aðir  
3 tsk kryddolíu úr fetaosti (eða bara einhver krydduð olía)

Þessu er bara öllu hrætt saman í skál og borið fram til hliðar við kjúklingasalatið eða fiskinn og skammtar hver sér eftir smekk.

Fyrir þá sem vilja fá sér eitt-hvað ferskt og einfalt í sumar þá er upplagt að fá sér salat með þessari dressingu.

Þið þurfið bara kál (eftir

smekk), kirsuberja tómata, saxaðan rauðlauk, rauð vínber (skorin í tvennt) og niðursneidda rauða papriku blanda saman í skál.

Svo skal steikja á pönnu kjúklingalundur (óþarfi að krydda því dressingin sér um að kæta bragðlaukana) og hafa með salatinu, en einnig er hægt að elda kjúklingabringu og skera hana smátt niður og hræra út í salatið.



Þetta er eitthvað sem allir ættu að geta töfrað fram og tekur alls ekki langan tíma.

Ég skora á Heiðar Inga Marinósson á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.



## VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Knútur og Helena rækta tómata á Friðheimum í Reykholti. Þau eru einu garðyrkjubændurnir sem rækta plómutómata allt árið um kring en auk þeirra rækta þau hefðbundna tómata og konfektómata. Á Friðheimum gefst gestum tækifæri til að skoða gróðurhúsin og kynna sér hvernig tómatarækt gengur fyrir sig.

